

**17. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð,  
Stillholti 16-18,  
22. júlí 2015 og hófst hann kl. 16:00**

**Fundinn sátu:**

Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir formaður, Einar Brandsson varaformaður, Ingibjörg Pálmadóttir aðalmaður, Gunnhildur Björnsdóttir áheyrnarfulltrúi og Jón Hrói Finnsson sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

**Fundargerð ritaði:** Jón Hrói Finnsson, sviðsstjóri.

**Fyrir tekið:**

**1. 1504015 - Skagastaðir 2015**

Guðrún Gísladóttir, forstöðumaður þjónustuskrifstofu Vinnumálastofnunar á Vesturlandi mætti á fundinn. Rætt var um stöðu Skagastaða og framhald samstarfs við Vinnumálastofnun.

*Guðrún sagði frá því hvernig samstarfið um Skagastaði horfir við henni sem forstöðumanns þjónustuskrifstofu Vinnumálastofnunar á Vesturlandi. Fram kom að Guðrún er ánægð með samstarfið. Hún telur starfið mikilvægt og komi í veg fyrir félagslega einangrun.*

**2. 1507089 - Breytingar á vinnuskipulagi í búsetuþjónustu**

Bylgja Mist Gunnarsdóttir mætir á fundinn og fer yfir tillögur að breytingum á vinnuskipulagi og mönnun í búsetuþjónustu fyrir fatlaða.

*Ráðið tekur vel í þær breytingar sem lagðar eru til. Ráðið tekur undir að auglýst verði eftir faglærðum starfsmönnum, t.d. þroskaþjálfum. Ráðið óskar eftir samþykki bæjarráðs fyrir útgjaldaaukanum sem því fylgir.*

**3. 1502133 - Eignarhald og rekstur bifreiðar UI-241**

Aðstandendur eigenda bifreiðarinnar UI-241, sem hefur verið nýtt af íbúum sambýlisins við Laugarbraut, hafa ákveðið að selja hana.

*Málið kynnt.*

**4. 1504123 - Fundargerðir 2015 - Samráðshópur um þjónustumiðstöð að Dalbraut 6**

Fundargerð 3.-6. fundar fundar samráðshóps um þjónustumiðstöð að Dalbraut 6 lagðar fram til kynningar.

**5. 1507087 - Ósk um samstarf um rannsóknarverkefni**

Janus Guðlaugsson, doktor í íþróttá- og heilsufræði við HÍ hefur óskað eftir samstarfi um rannsóknarverkefni um heilsueflingu meðal eldri borgara.

*Ákveðið að óska eftir kynningu á verkefninu. Ráðið leggur til að fulltrúum Heilbrigðisstofnunar Vesturlands og Höfða verði boðið að sitja kynninguna.*

**6. 1507027 - Forsendur vinnslu fjárhagsáætlunar 2016**

Minnisblað Sambands íslenskra sveitarfélaga um forsendur fyrir vinnu við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2016 lagt fram til kynningar, sbr. bókun bæjarráðs frá 16. júlí 2015.

VÞG.

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:45.**

Vilborg P. Guðhjartsd.  
Eira Þorvaldsson  
Guðmundur S.  
Fuglögur Þalmadóttir  
Jón Hórré